



**688. fundur bæjarráðs Hveragerðis**  
**haldinn í fundarsal Breiðumörk 20, fimmtudaginn 7. desember 2017 kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Unnur Þormóðsdóttir formaður, Friðrik Sigurbjörnsson, Njörður Sigurðsson og Helga Kristjánsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður, setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

**Dagskrá:**

**1. Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 27.nóvember 2017. - 1712006**

Í bréfinu óskar sýslumaður eftir umsögn Hveragerðisbæjar um ósk Iceland Travel um leyfi til tímabundins áfengisleyfis í Hamarshöllinni 16. til 17. desember nk.

*Bæjarráð samþykkir leyfið.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 27.nóvember 2017. – 1712006](#)

[Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 27.nóvember 2017. – 1712006](#)

**2. Bréf frá Héraðssambandinu Skarphéðni frá 28.nóvember 2017. - 1712013**

Í bréfinu þakkar stjórn HSK Hveragerðisbæ fyrir vel unnin störf við undirbúning og framkvæmd Landsmóts 50 plús .

*Lagt fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Héraðssambandinu Skarphéðni frá 28.nóvember 2017. – 1712013](#)

**3. Bréf frá Markaðsstofu Suðurlands frá 23.nóvember 2017. - 1712001**

Með bréfinu fylgdi þjónustusamningur milli Hveragerðisbæjar og Markaðsstofu Suðurlands til eins árs. Jafnframt óskar Markaðsstofan eftir að Hveragerðisbær tilnefni tengilið við stofuna.

*Þjónustusamningurinn samþykktur samhljóða. Jafnframt samþykkt að Menningar- og frístundafulltrúi verði tengiliður bæjarins við Markaðsstofuna.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Markaðsstofu Suðurlands frá 23.nóvember 2017. – 1712001](#)

[Bréf frá Markaðsstofu Suðurlands frá 23.nóvember 2017. – 1712001](#)

**4. Bréf frá SASS frá 17.nóvember 2017. - 1712012**

Með bréfinu fylgdi stefna orkunýtingarnefndar SASS og óskað er eftir umsögn Hveragerðisbæjar á henni.



*Bæjarráð fagnar þeim áherslum sem lagðar eru í stefnunni og þá sérstaklega því að orka sem verður til hér á svæðinu verði nýtt til hagsbóta fyrir íbúa á starfssvæði SASS. Jafnframt lýsir bæjarráð yfir ánægju með þá áherslu sem lögð er á nýtingu allra orkustrauma háhitavirkjana og ítrekar mikilvægi þess að komið verði í veg fyrir ósjálfbæra og ágenga nýtingu á háhitasvæðum.*

Fylgigögn:

[Bréf frá SASS frá 17.nóvember 2017. – 1712012](#)

[Bréf frá SASS frá 17.nóvember 2017. – 1712012](#)

**5. Boð á félagafund Sorpstöðvar Suðurlands bs. þann 15. desember 2017. - 1712003**

Í bréfinu er boðað til félagsfundar hjá Sorpstöð Suðurlands bs. föstudaginn 15. desember kl. 13 að Austurvegi 56 Selfossi.

*Lagt fram til kynningar. Fulltrúi Hveragerðisbæjar á fundinum verður Aldís Hafsteinsdóttir og varamaður Friðrik Sigurbjörnsson.*

Fylgigögn:

[Boð á félagafund Sorpstöðvar Suðurlands bs. þann 15. desember 2017. – 1712003](#)

**6. Bréf frá SÍBS Líf og heilsa ódagsett. - 1712005**

Í bréfinu óskar SÍBS Líf og heilsa eftir styrk frá Hveragerðisbæ vegna forvarnaverkefnis um lífsstíl og heilbrigði en bréfritarar stóðu fyrir ókeypiss heilsufarsmælingu hér í Hveragerði nýlega.

*Bæjarráð samþykkir styrk til verkefnisins kr. 50.000,- en vill koma á framferi athugasemdum við framkvæmd styrkbeiðninar og að ekki var fengið leyfi Hveragerðisbæjar um að nota byggðamerki bæjarins í auglýsingu.*

Fylgigögn:

[Bréf frá SÍBS Líf og heilsa ódagsett. - 1712005](#)

**7. Bréf frá Aflinu, Akureyri, frá 20.nóvember 2017. - 1712007**

Í bréfinu óskar Aflið, sem eru samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi eftir styrk frá Hveragerðisbæ.

*Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Aflinu, Akureyri, frá 20.nóvember 2017. – 1712007](#)

**8. Bréf frá Snorrasjóði frá 20.nóvember 2017. - 1712008**

Í bréfinu óskar Snorraverkefnið eftir styrk frá Hveragerðisbæ og/eða að Hveragerðisbær taki með öðrum hætti þátt í verkefninu.

*Bæjarráð samþykkir að taka þátt í landkynningarferð verkefnisins og getur boðið þátttakendum upplifun á svæðinu í formi sundferða eða heimsókna í Hveragarðinn.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Snorrasjóði frá 20.nóvember 2017. – 1712008](#)



**9. Niðurstöður viðræðna um forkaupsrétt að Hveramörk 7. - 1712017**

Á fundi bæjarráðs þann 16. nóvember s.l. var afgreiðslu vegna forkaupsréttar að Hveramörk 7 frestað og bæjarstjóra falið að ræða við bréfitara.

*Afgreiðslu málsins frestað til bæjrstjórnarfundar.*

Fylgigögn:

[Niðurstöður viðræðna um forkaupsrétt að Hveramörk 7. - 1712017](#)

[Niðurstöður viðræðna um forkaupsrétt að Hveramörk 7. - 1712017](#)

**10. Samningur við Iceland travel v. Spartan race. - 1712016**

Lagður fram samningur við Iceland travel v/ Spartan race um leigu á Hamarshöllinni.

*Bæjarráð samþykkir samninginn samhljóða.*

Fylgigögn:

[Samningur við Iceland travel v. Spartan race. – 1712016](#)

**11. Uppsagnarbréf - Hlíf Sigríður Arndal. - 1712009**

Lagt fram uppsagnarbréf frá Hlíf Sigríði Arndal þar sem hún segir lausu starfi sínu sem forstöðumaður Bókasafnsins í Hveragerði frá 1. mars 2018.

*Bæjarráð þakkar Hlíf afar gott samstarf og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.  
Bæjarstjóra falið að auglýsa starfið laust til umsóknar.*

Fylgigögn:

[Uppsagnarbréf - Hlíf Sigríður Arndal. – 1712009](#)

**12. Umsókn um styrk fyrir nema í leikskólakennarafræðum. - 1712011**

Signý Ósk Sigurjónsdóttir sækir um styrk vegna náms í leikskólakennarafræðum M.Ed. Signý vinnur á Leikskólanum Óskalandi.

*Bæjarráð samþykkir að styrkja Signýju vegna náms í leikskólakennarafræðum M.Ed. í samræmi við reglur þar um.*

Fylgigögn:

[Umsókn um styrk fyrir nema í leikskólakennarafræðum. – 1712011](#)

**13. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 10.nóvember 2017. - 1712002**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 10.nóvember 2017. – 1712002](#)

[Fundargerð aðalfundur Sorpstöðvar](#)

[Tillögur stjórnar SOS um úrgangsmál á Suðurlandi](#)

[Valkostaskýrsla](#)

**14. Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 19.október 2017. - 1712004**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*



Fylgigögn:

[Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 19.október 2017. - 1712004](#)

**15. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24.nóvember 2017. - 1712010**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24.nóvember 2017. - 1712010](#)

**16. Fundargerð stjórnar SASS frá 10.nóvember 2017. - 1712014**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar SASS frá 10.nóvember 2017. - 1712014](#)

**17. Fundargerð fagráðs Tónlistarskóla Árneseinga frá 4.desember 2017. - 1712015**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Fundargerð fagráðs Tónlistarskóla Árneseinga frá 4.desember 2017. - 1712015](#)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:36**

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)